

Fréttabréf Jötunheima

2. tbl. 9. árg.

júní 2016

Sumarfrí

Leikskólinn lokar vegna sumarleyfa frá og með 30. júní. Við opnum aftur fimmtudaginn 4. ágúst kl. 7:45.

Við þökkum öllum kærlega fyrir skólaárið og hlökkum til að sjá ykkur aftur eftir sumarfrí.

Þeim börnum sem hefja grunnskólagöngu í haust og foreldrum þeirra þökkum við fyrir öll árin sem við höfum átt saman og óskum þeim góðs gengis á nýjum vettvangi.

Vorhátíð

Vorhátíð Jötunheima var haldin miðvikudaginn 15. júní. Þetta árið var ákveðið að breyta til og bjóða upp á skúffuköku og kanilsnúða, djús og kaffi. Það var gaman að sjá hvað margir sáu sér fært að koma og njóta stundarinnar með börnunum. Kærar þakkir öll fyrir komuna.

Hjóladagar

Við höfum verið með tvo hjóladaga núna í vor þar sem börnin hafa komið með hjólin sín að heiman og hjólað á bílplaninu. Þetta hefur gefist vel og allir haft gaman af.



Efnisyfirlit

Sumarfrí Jötunheima	bls. 1
Vorhátíð	bls. 1
Hjóladagar	bls. 1
Leikskólinn lokaður	bls. 1
Ofninn í eldhúsinu	bls. 2
Sirkus Íslands	bls. 2
Sérkennslustjóri	bls. 2
Breytingar í starfsmannahópnum	bls. 3
Útskrift	bls. 3
Útskriftarferð	bls. 3
Fundargerð foreldraráðs	bls. 4

Leikskólinn lokaður 18. ágúst frá kl. 8 – 12

Fimmtudaginn 18. ágúst verður leikskólinn lokaður til kl. 12:00 vegna skipulagsdags. Þennan dag notar starfsfólk leikskólans til að skipuleggja vetrarstarfið og vinna að starfsáætlun skólaársins 2016 – 2017.

Ofninn í eldhúsinu

Fyrir stuttu síðan bilaði ofninn í eldhúsinu og því þurfti að breyta matseðli í nokkra daga. Þessi ofn er notaður til að elda nánast allan mat og í honum er soðið og bakað. Ef hann er óvirkur er mjög margt sem ekki er hægt að gera og meira en að segja það að elda mat á einni eldavél fyrir 170 manns. Meðal annars var gripið til þess ráðs að grilla hamborgara handa öllum og þær stöllur í eldhúsinu stóðu sig mjög vel í því.



Sirkus Íslands

Fimmtudaginn 23. júní kom Sirkus Íslands í heimsókn og lék listir sínar fyrir börnin í garðinum hjá okkur. Myndir frá viðburðinum má sjá á heimasíðu leikskólans. Það var foreldrafélag leikskólans sem bauð börnunum upp á þennan skemmtilega viðburð og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir.

Sérkennslustjóri

Um sumarfrí hættir Ingibjörg Guðmundsdóttir sérkennslustjóri hjá okkur eftir margra ára farsælt starf sem leikskólakennari og sérkennslustjóri. Við þökkum henni fyrir frábært samstarf undanfarin ár og óskum henni velfarnaðar í framtíðinni.

Búið er að ganga frá ráðningu Rannveigar Bjarnfinnsdóttur í stöðu sérkennslustjóra. Hún hefur störf hjá okkur 15. ágúst og við bjóðum hana velkomna í starfsmannahópinn.



Breytingar í starfsmannahópnum

Um sumarfrí kveðjum við Ingibjörgu, Hörpu Sólveigu og Magdalenu Katrínu og óskum þeim góðs gengis á nýjum vettvangi.

Eitthvað verður um nýtt fólk í starfsmannahópnum okkar eftir sumarfrí og verða þeir kynntir til sögunnar í ágúst.

Þetta skólaár hafa 5 starfsmenn eignast börn. Þetta eru þær Anna Guðrún sem eignaðst stúlku í september 2015, Ingunn sem átti dreng í febrúar 2016, Ásta Ósk sem átti stúlku í mars 2016, Katrín Rúnars sem eignaðist dreng í maí 2016 og Elín Rós sem átti dreng í júní 2016. Við óskum þeim öllum og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju með nýju fjölskyldumeðlimina.

Útskrift

Miðvikudaginn 18. maí voru elstu nemendur leikskólans útskrifaðir. Þetta árið voru 29 nemendur sem luku skólagöngu hjá okkur. Útskriftin fór fram í Fjallasal Sunnulækjarskóla og að athöfn lokinni var boðið upp á notalega samveru og veitingar.



Útskriftarferð að Öndverðanesi 30. maí 2016

Mánudaginn 30. maí lögðu 25 nemendur og 7 kennarar af stað í ferðalag frá Jötunheimum kl. 9.00 og héldu í ferðalag. Fyrsta var farið að Kolgrafarhól og gengið upp á hann. Allir stóðu sig eins og hetjur og fóru alla leið á toppinn.

Eftir gönguna var farið að Öndverðanesi þar sem þurý tók á móti hópnum. Á svæðinu var fótboltavöllur, púttvöllur, körfuboltaspjald, leikvöllur og tjald sem við tókum með okkur þannig að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi í leik.

Í öllum ferðum er nauðsynlegt að vera með gott nesti og var því gerð góð skil.

Mjög gott veður var í ferðinni og allir nutu þess að leika úti. Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem komu í Jötunheima um kl. 15:30. Snilldar ferð ☺



Fundargerð foreldraráðs Jötunheima

Fundur foreldraráðs Jötunheima þriðjudaginn 14. júní kl. 21:00.

Mættar eru: Júlíana leikskólastjóri, Guðný Ingibjörg aðstoðarleikskólastjóri, Hugrún og Sif. Guðrún Hrafnhildur boðaði forföll.

1. Farið yfir læsisstefnu Árborgar. Hver og einn skóli hefur verið að vinna í stefnu síns skóla og hefur sú vinna gengið vel. Að lokum voru svo dregin saman atriði frá hverjum skóla til þess að mynda stefnu Sveitarfélagsins. Þar má sjá að raddir allra skólanna fá að njóta sín og er starfið á bakvið stefnumótunina metnaðarfullt og faglegt.
2. Kynntar voru niðurstöður *Leið til læsis* frá þeim börnum sem koma frá Jötunheimum og eru nú í 1. bekk í Sunnulækjarskóla. Niðurstöður voru afar áhugaverðar og hægt er að nýta þær til hliðsjónar í þróunarvinnu máls og læsis.
3. Skóladagatalið kynnt og farið yfir smávægilegar breytingar.
4. Júlí og Guðný kynntu afrakstur starfsdagsins í síðast liðinni viku. Unnið verður markvisst með heilbrigði og vellíðan úr aðalnámskrá leikskólanna næsta vetur. Verður sú vinna með sama sniði og á síðasta ári enda lukkaðist sú vinna vel. Það er að byggjast upp meiri fagmennska í hópnum og fagleg umræða starfsmanna í hóp og starfi er til fyrirmyndar.
5. Sagt var frá ráðningu sérkennslustjóra í Jötunheimum. Rannveig Bjarnfinnsdóttir var ráðin í starfið frá og með 15. ágúst 2016. Alls voru 6 umsækjendur.
6. Örlítil hreyfing verður á starfsmannahópnum og tilfærsla á starfsmönnum milli deilda.
7. Starfsmenn foreldraráðs gefa allar kost á sér til áframhaldandi setu í ráðinu á næsta skólaári.

Ekki var fleira rætt að sinni og var fundi slitið kl.22:00

Fyrir hönd foreldraráðs

Hugrún Vignisdóttir, ritari.